

MATARHLÉ



Kristín María Hjartardóttir, kennari í Síðuskóla, tekur áskorun Rutar Viktorsdóttur á leikskólanum Tröllaborgum um að töfra fram uppskrift í þetta tölublað Innanbæjarkrónikunnar. Kristín segir að valið hafi verið auðvelt og ekkert annað komið til greina en uppáhaldsmaturinn. Tengdafaðir Kristínar Maríu kom henni upp á bragðið með þennan rétt en hann notast aldrei við nein mælitæki í eldhúsinu

og ber uppskriftin nokkur merki þess. Kristín María biður fólk bara að smakka þetta til eftir smekk og hún skorar á Svölu Einarsdóttur í Oddeyrarskóla að koma með uppskrift í næsta tölublað.

HEIMSINS BESTI LÚÐURÉTTUR

Nokkur roðflett lúðustykki, passlega lítil. Ef þið eruð með feitan fisk er gott að hreinsa aðeins fituna.

Setjið egg og mjólk saman í skál og kryddið með grænum frostþurrkuðum pipar, gott að mylja piparkomin aðeins, smella svo hvítlaukssalti og Aromat saman við.

Í aðra skál setjið þið svo hveiti og kryddið með sama kryddi.

Lúðan er svo sett í eggjablönduna og þaðan í hveitið. Snöggssteikt á pönnu báðum megin til að fiskurinn þorni ekki. Brúna fiskinn vel.

Hellið svo rjóna út á pönnuna en ekki láta rjómann fljóta yfir stykkinn (aðallega útlitsins vegna).

Kryddið svo með ádurnefndu kryddi yfir rjómann og þykkið með maisenamjöli. Borið fram með hrísgrjónum, hvítlauksbrauði (best að hafa það ristað), fersku salati og að sjálfsgöðu frönskum kartöflum.

Drykkir að eigin vali.

Njótið!



GOTT AÐ VITA

Sumarorlof

Sólin hækkar á lofti og brátt liður að sumarorlofinu. Af því tilefni er hér að finna nokkrar gagnlegar upplýsingar um orlofið:

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
- Sumarorlofstími er frá 15. maí til 30. september ár hvert.
- Yfirmaður ákveður hvenær orlof skuli tekið í samráði við starfsmann en skylt er að verða við óskum starfsmanns ef því verður við komið.
- Ef ekki er tekið orlof á sumarorlofstíma að ósk yfirmanns þá á starfsmaður rétt á 33% lengingu á þeim hluta sem veittur er utan sumarorlofstímabils.
- Landsbankinn mun greiða út orlof vegna yfirvinnu þann 11. maí og verður það lagt inná launareikninga. Hafi launareikningur breyst síðasta árið er launþegum bent á að koma þeim upplýsingum til Landsbankans svo orlofsgreiðslur skili sér á réttan reikning.

Á starfsmannavefnum www.eg.akureyri.is getur starfsfólk fundið yfirlit yfir stöðu orlofs eins og það er skráð í SAP mannauðskerfið. Staða orlofs á vefnum er samkvæmt skráningu á síðasta launaseðli. Upplýsingar um innskráningu og notkun á starfsmannavefnum gefur starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460 1060.

ATH! Fyrstu vikuna í maí er unnið að uppfærslu á orlofsstöðu og þess vegna sýnir vefurinn ekki rétta stöðu fyrr en að því loknu.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Dórothea Jónsdóttir, Friðný Sigurðardóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprént

Innanbæjar KRÓNÍKA

3. tbl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR maí 2011



LJÓSMYNDASAMKEPPNI

Ritnefnd Innanbæjarkrónikunnar boðar hér með til ljósmyndasamkeppni í sumar. Sérstök dómnefnd mun fara yfir innsendar myndir frá starfsfólki bæjarins og verða veitt afar vegleg verðlaun næsta haust.

Þema keppinnar skal vera Akureyri og mannlífið í bænum. Skorað er á lesendur blaðsins að vera duglegir með myndavélarnar í sumar og senda okkur valdar myndir á netfangið kronikan@akureyri.is sem líklegar væru til að hreppa verðlaun.

Ritnefnd áskilur sér rétt til að nýta innsendar myndir í kynningarstarfi fyrir Akureyrarbær, til dæmis á heimasíðu bæjarins og jafnvel í prentaða bæklinga. Engin takmörk eru fyrir því hversu margar myndir hver og einn má senda.

Verðlaun fyrir 1.-3. sæti verða kynnt í næsta tölublaði en það er um að gera að hefjast strax handa og drífa sig út í sumarið að mynda!

GAMLA MYNDIN



Hún er kankvís og kát stúlkan á myndinni hér til hliðar. Svo vill til að hún starfar nú hjá Akureyrarbæ og við spyrjum lesendur hvort þeir kannist við hana? Endilega sendið okkur ágiskanir ykkar á netfangið kronikan@akureyri.is sem allra fyrst. Dregið verður úr réttum svörum og einn heppinn lesandi fær að launum 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.



Í síðasta blaði var birt mynd af fermingarstúlku sem þónokkuð margir virtust kannast við. Myndin var af Snjólaugu Brjánsdóttur, leikskólastjóra á Kiðagili. Þetta vissi Hugufrún Sigmundsdóttir, stalla hennar á Pálmholti, og fær hún tveggja daga kort í Hlíðarfjall sem væntanlega kemur í góðar þarfir næsta vetur.



Myndina að ofan tók Tiffany Sigurdson sumarið 2009 þegar unnið var að því að tyrfa Ráðhústorg. Sumarið 2010 var gengið betur frá grasþökunum á torginu og sett þykkara undirlag af mold. Nú þegar er grasið á torginu farið að grænka og virðist því koma vel undan vetri.

STARFSMANNAKÖNNUN

Könnun um líðan, heilsu og starfstengd viðhorf starfsfólks Akureyrarbæjar

Fimmtudaginn 5. maí nk. verður send út könnun til allra starfsmanna Akureyrarbæjar sem eru í meira en 30% starfshlutfalli. Könnunin verður send á netföng starfsmanna en þeir sem hafa ekki netföng munu fá upplýsingar um það hvernig þeir geta nálgast könnunina á vinnustað sínum.

Í könnuninni er spurt um líðan, heilsu og starfstengd viðhorf starfsfólks sveitarfélagsins á tímum efnahagsþrenginga. Sams konar könnun var gerð í fyrra og eru kannanirnar hluti af doktorsverkefni Hjördísar Sigursteinsdóttur í félagsfræði við Háskóla Íslands. Með könnuninni er einnig verið að uppfylla markmið í mannauðstefnu og jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.

Starfsfólk er vinsamlega beðið um að svara spurningalistanum eins ítarlega og það treystir sér til. Það tekur u.þ.b. 10-15 mínútur. Ef starfsfólk lendir í vandræðum með að nálgast könnunina eða hefur frekari spurningar er hægt að hafa samband við Dagnýju Bolladóttur (dagny@akureyri.is) eða Ingunni H. Bjarnadóttur (ingunn@akureyri.is) hjá starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar í síma 460 1060 eða með tölvupósti.

Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar sem gagnast til að stuðla að bættu starfsumhverfi. Starfshópur var skipaður síðastliðið vor sem fékk það verkefni að fylgja niðurstöðum könnunarinnar eftir og gera tillögur um aðgerðir. Starfshópurinn hefur t.a.m. komið á námskeiðum um starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur og boðið upp á námskeið um einelti fyrir vinnustaði bæjarins.

Í könnuninni, sem gerð var í fyrra, var svarhlutfall nokkuð gott eða tæplega 64% og gaf þar af leiðandi góða vísbendingu um líðan starfsfólks Akureyrarbæjar. Þegar á heildina var litið voru niðurstöður könnunarinnar mjög ánægjulegar og virtist starfsfólk Akureyrarbæjar almennt ánægt í starfi. Niðurstöður gáfu til kynna að 88,1% starfsmanna voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ og stærsti hluti starfsmanna eða 76,4% var ánægður með stjórnun vinnustaðarins þannig að þessir starfsmenn sögðust vera mjög oft eða alltaf ánægðir með stjórnunina.

Niðurstöður könnunarinnar frá því í fyrra er hægt að nálgast í starfsmanna-handbókinni á vef Akureyrarbæjar – www.akureyri.is/starfsmannahandbok.

Starfsfólk er eindregið hvatt til þess að svara spurningalistanum og leggja þannig rannsókninni lið og stuðla að bættu starfsumhverfi fyrir okkur öll.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



María Sigurbjörnsdóttir fæddist í Skagafirði 20. september 1942 og er tíunda í röð tólf systkina. Hún ólst upp við almenna sveitavinnu og gekk í barnaskólann í Varmahlíð en lauk síðan prófi frá Miðskólanum á Sauðárkróki. Hún fluttist í Eyjaförðinn árið 1960 og fór að vinna við berklahælið í Kristnesi. María hefur búið í Eyjafirðinum síðan, utan þrjá vetur í Reykjavík. Áhugamál Maríu eru fjölbreytt en oft og tíðum hefur lítill tími gefist til að sinna þeim. Fólk, ættfræði ásamt

lífi og störfum núverandi og liðinna kynslóða skipa þar stóran sess og María býr yfir mikilli þekkingu á því sviði. Handavinna af fjölbreyttum toga er einnig mikið áhugamál og María þrjónar, saumar og heklar. Allt frá barnsaldri hefur María verið mikil útvistarkona og hefur gaman af gönguferðum og ferðalögum. Þegar stundir gefast les hún mikið og grípur þá gjarnan ævisögur en spennusögur og rómantískari bækur fylgja einatt með. María hóf störf í heimaþjónustunni hjá Akureyrarbæ 2. mars 1981 og hefur unnið þar samfleytt í þrjá áratugi. Hún byrjaði sem almennur starfsmaður en starfaði sem hópstjóri í heimaþjónustunni í um það bil 20 ár eða til áramóta 2009-2010. Enn vinnur María í heimaþjónustunni hálfan daginn.

Í hverju skyldi starfið helst vera fylgið?

„Störf í heimaþjónustunni felast að mestu leyti í að aðstoða aldrada og sjúka við almenn heimilisstörf og athafnir daglegs lífs. Þessi þjónusta er yfirleitt veitt öldruðum eða sjúkum sem geta ekki gert öll sín verk sjálfir og hafa ekki aðra til að aðstoða sig við þau. Í dag vinn ég lítið við heimilisstörfin en meira við að aðstoða fólk við persónulegar þarfir eins og að komast á fætur, klæða sig og hjálpa til við ýmis innkaup og fara til læknis. Heimaþjónustan er félagsleg þjónusta og því reynir mikið á samskiptahæfni starfsmanna og útsjónasemi þeirra.“

Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Ánægjulegast er að hitta fólkið og fræðast af því. Það er skemmtilegt og hefur frá svo mörgu að segja, er eiginlega hafsjór af fróðleik. Það leiðinlegasta við starfið er að oft finnst mér að ég hafi ekki þann tíma sem ég hefði viljað til þess að sinna fólkinu betur og vera lengur hjá því. Mér líður þá stundum eins og ég ætti að geta gert betur. Þegar ég hóf störf fyrir 30 árum þá varð mér fljótt ljóst að þetta var starf sem átti vel við mig. Vinnustaðurinn er góður, ég á góða vinnufélaga og starfsandinn er góður.“

Hver er helsti kostur við að búa á Akureyri?

„Mér finnst svo stutt í allt sem maður þarf að útrétta. Hér eru ágætar gönguleiðir, bæði í bænum og í Kjarnaskógi. Ég á fjölskyldu í Skagafirði og Þingeyjarsýslum svo hérna er ég miðsvæðis.“